

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Hafnarstræti milli Kaupvangsstrætis og Ráðhústorgs – umferð vélknúinna ökutækja óheimil.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur, í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og að fengnu samþykki lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, ákveðið eftirfarandi fyrir hönd bæjarins:

Sá hluti Hafnarstrætis sem í daglegu tali er kallaður Göngugatan og liggur milli Kaupvangsstrætis í suðri og Ráðhústorgs í norðri, verði lokaður fyrir umferð vélknúinna ökutækja allan sólarhringinn frá 1. maí - 30. september 2025. Aðgengi verður ávallt tryggt fyrir P-merkta bíla og ökutæki viðbragðsaðila og fyrir aðföng rekstraraðila á milli klukkan 07.00-10.00.

Jafnframt var ákveðið að setja á götuna þungatakmarkanir sem miðast við þriggja tonna heildarþunga.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 28. apríl 2025.

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 29. apríl 2025